

Álftanesvegur – MÁU – Hljóðvist

Reiknað hefur verið hljóðstig meðfram Álftanesvegi – leið D og Vífilsstaðavegi í og sunnan Gálgahrauns. Samanburður er gerður við eldri reikninga fyrir leiðir A og B.

Notað var forritið NB-Stöj sem byggir á samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða. Notuð var útgáfa frá 1993 byggð á reiknilíkani frá 1989. Gefin var út breytt útgáfa reiknilíkansins 1996. Breytt líkan gefur um það bil 1,0 dB minni hávaða við þær aðstæður sem hér er glímt við. Þær niðurstöður sem hér verða kynntar fengust með því að finna hvar hávaði er 46, 56 eða 66 dB samkvæmt eldra líkani og leggja það að jöfnu við 45, 55 og 65 dB samkvæmt því nýja.

Umferð.

Samkvæmt umferðarspá fyrir árið 2024 er ÁDU 19800 á Álftanesvegi austan Vífilsstaðavegar en 17100 vestan hans. Um Vífilsstaðaveg er áætlað að ÁDU verði 18900-20700 sunnan Álftanesvegar en 17100 norðan hans. Áður var reiknað með að ÁDU yrði 12000 á Álftanesvegi og 3000 á Vífilsstaðavegi. Í dag er ÁDU á Álftanesvegi innan við 5000.

Reiknað er með skiltuðum hraða 70 km/klst á Álftanesvegi en 50 annars staðar. Gert er ráð fyrir að hlutfall þungra bíla sé 5 %.

Kröfur.

Reglugerð um hávaða (933/1999) setur 55 dB sem viðmiðunargildi fyrir hávaða frá umferð í íbúðarhúsnæði í nýjum hverfum. Sama krafa er gerð til útivistarsvæða í þéttbýli. Leiðbeiningargildi eru sett 45 dB. Fyrir verulega breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er er sett krafa um 65 dB.

Útreikningar.

Í völdum sniðum var fundið hve langt frá veginum reiknist hljóðstig upp á 45, 55 og 65 dB. Miðað er við að móttakari hljóðsins sé í 2 m hæð yfir jörðu. Niðurstaðan er sýnd á teikningu sem línur samhliða vegum, mislangt frá í samræmi við aðstæður (umferðarmagn, halli vegar, hæð vegar yfir landi). Þrátt fyrir spá um meiri umferð hefur hljóðstig ekki verið endurreiknað fyrir leiðir A og B þar sem gera má ráð fyrir að niðurstöður verði mjög keimlíkar því sem fást fyrir leið D og má því fá sannfærandi mynd af aðstæðum með því að líta á niðurstöðurnar fyrir leið D. Munur á legu leiðanna er einkum á hraunasvæði og þar er ekki gert ráð fyrir byggð. Megináhersla var lögð á að skoða aðstæður þar sem Álftanesvegurinn er næst áætlaðri íbúðabyggð á Garðaholti.

Notuð var fyrirliggjandi forhönnun veganna. Ólíklegt er að lega þeirra breytist í plani við endanlega hönnun en búast má við breytingum í hæð. T.d. sýna hljóðstigsútreikningarnir að tilvinnandi er að reyna að lækka Álftanesveginn eins og kostur er þar sem að hann fer fram af hraunbrúninni.

Athugasemdir.

Garðaholt: Þar sem Álftanesvegur fer fram af Gálgahrauni er hann á talsverðri fyllingu. Þetta hefur þau áhrif að hávaði berst talsvert langt frá veginum. Á Garðaholti er samkvæmt aðalskipulagi gert ráð fyrir íbúðabyggð á alls um 125 ha. 55 dB línan lendir innan áætlaðrar íbúðabyggðar. Miðað við mörk hennar samkvæmt gildandi aðalskipulagi lenda rúmlega 5 ha milli 55 dB línunnar og Álftanesvegar skv. leið D, 3 ha skv. leið A og 10 ha skv. leið B. Vinnu við deiliskipulag svæðisins er ekki lokið og því óvíst um hve mörg hús er að ræða. Með hljóðmönnum, annað hvort meðfram vegi eða í jaðri byggðar, má minnka það svæði sem lendir innan 55 dB línunnar. Ákvörðun um slíkt er líkleg til að móta deiliskipulag svæðisins og því eðlilegt að taka hana við gerð þess. Við mörk íbúðabyggðar móts við stöð 2300 á Álftanesvegi - leið D reiknast hávaði verða 61 dB. Þar nægir 2 metra há mön meðfram vegi til að koma hávaða niður fyrir 55 dB.

Vífilsstaðavegur: Syðri hluti hans liggur meðfram áætlaðri íbúðabyggð. Sömu sjónarmið og við Garðaholt gilda þar. Um 6 ha lenda milli 55 dB línunnar og vegar.

Gatnamót: Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig gatnamótin verða (umferðarljós eða torg) þannig að umfang þeirra liggur ekki fyrir. Hljóðstig næst þeim hefur því ekki verið metið nákvæmlega enda eru þau úti í hrauni fjarri öllum skipulögðum gönguleiðum. Við þau koma aftur á mótí fram samlegðaráhrif, þegar hávaði frá tveimur krossandi umferðarstraumum mætast, sem móta form jafndynslínanna út frá gatnamótunum.

Gangstígar: Lega gangstíga hefur ekki verið ákveðin og hönnun þeirra því ekki hafin. Æskilegt er að þeir lendi sem mest utan 55 dB, sem ætti að vera gerlegt víða með hóflegri landmótun. Þarna geta þó stangast á kröfur um góða hljóðvist og kröfur um gott útsýni. Þar sem stígar þvera vegi verður hávaði óhjákvæmilega yfir mörkum.

Engidalur: Miðað við 70 km/klst og að ÁDU sé í dag 5000 reiknast 55 dB línan vera um 50 metra frá núverandi vegi meðfram byggðinni milli Engidals og Herjólfsbrautar, sem þýðir að 2-3 hús lenda milli hennar og vegar. Nýr Álftanesvegur færir talsvert frá þessari byggð, það mikið að þrátt fyrir aukna umferð batnar hljóðvistin. Hávaði við það hús sem næst verður nýjum vegi reiknast verða 55 dB.

Hraunsholt: Byrjað er að byggja upp það hverfi og þegar búið að forma hljóðmanir meðfram jaðri íbúðabyggðarinnar.

28.12.2001

Snorri Sigurjónsson

Hönnun hf.